



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**118. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í fjarfundi, miðvikudaginn 7. júní 2023
og hófst hann kl. 13:30.**

Fundinn sátu:

Aldís Stefánsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Valdimar Birgisson, Björg Fenger, Elís Guðmundsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Pálmar Halldórsson, Helga Jóhannesdóttir, Helga Jónsdóttir, Hildur Björnsdóttir, Hjördís Ýr Johnson, Ingvar Arnarson, Karen María Jónsdóttir, Magnús Ingi Kristmannsson, Orri Björnsson, Stefán Már Gunnlaugsson, Pawel Bartoszek og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Pawel Bartoszek formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Græni stígurinn - fýsileikaskýrsla - 2301008

Þráinn Hauksson frá Landslagi kynnir niðurstöður frumgreiningar á mögulegri legu græna stígsins. Umræður.

Stefán Már Gunnlaugsson fór af fundi kl. 14:05.

Þráinn Hauksson fór af fundi kl. 14:10.

Fyrirliggjandi er tillaga um að SSH verði falið að senda drög að frumgreiningu vegna legu græna stígsins til umsagnar til: Sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, Skógræktarfélags Íslands, Landssambands hestamannafélaga, Veitna ohf., Samráðshóps um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu og Landssamtaka hjólreiðarmanna. Tímafrestur verði veittur til 15. september 2023. Niðurstöður verði kynntar fyrir svæðisskipulagsnefnd ásamt tillögum að næstu skrefum.

Á fundinum komu fram tillögur um að drögin yrðu jafnframt send ÖBÍ og Landsneti til umsagnar og voru þær samþykktar samhljóða.

Gestir

Þráinn Hauksson -

SSH er falið að senda drög að frumgreiningu vegna legu græna stígsins til umsagnar: Sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, ÖBÍ, Skógræktarfélags Íslands, Landssambands hestamannafélaga, Landsnets hf., Veitna ohf., Samráðshóps um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu og Landssamtaka hjólreiðarmanna. Tímafrestur verði veittur til 15. september 2023. Niðurstöður verði kynntar fyrir svæðisskipulagsnefnd ásamt tillögum að næstu skrefum.

Samþykkt



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:20.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026